

hinum stefnda barn það, er hún ól 24. ágúst f. á., en, eins og viðurkennt er af áfrýjanda, hefur hann með öllu neitað faderninu, vg fær yfirdómurinn því ekki sjeð, að aðalkrafa áfrýjanda eigi við nein rök að styðjast, og að því snertir varakröfur áfrýjanda, þá er hvorttveggja, að þær ekki hafa komið fram í hjeraði, enda getur ekki komið til tals að taka þær til greina í þessu máli, sem aðeins er höfðað í hjeraði sem einfalt skulda- eða skað-abótamál, en ekki sem barnsfadernismál.

Fyrir því ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm, þó þannig, að málskostnaður eptir atvikum falli niður, en um málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda skal honum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður. Eptir þessum úrslitum verður hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdómi ekki dæmd nein málflutningslaun.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi vottast, að rekstur þess við undirdóminn og hin skipaða sókn við yfirdóminn hefur verið lögmett.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi bæjarþingsins í þessu máli skal óraskað, þó þannig, að málskostnaður falli niður. Landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni greiðist 4 kr. í málflutningslaun fyrir undirdómi úr opinberum sjóði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. septbrmán.

Nr. 23/1880

Jón Einarsson

gegn

Halldóri Halldórssyni

Dómur:

Með stefnu til yfirdómsins, dagsettri 28. maímán.

þ. á., hefur Jón Einarsson áfrýjað dómi, gengnaum fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 5. marzmán. þ. á., þar sem hinn stefndi Halldór Halldórsson er dæmdur sýkn af kærum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Mál þetta er þannig til komið, að hinn stefndi í septembermánuði í fyrra tók til sín — eptir því, sem upplýst er — 4 hesta af úthevi, sem áfrýjandi hafði látið slá og þurka í svo nefndri Laugalandsheiði, eða í sundi einu ofan ásenda. Út af þessu, svo og út af því, að hinn stefndi hafði ljeð öðrum slægjur — af-raksturinn var 34 hestar — í nefndri heiði, höfðaði áfrýjandi mál þetta, og urðu á því þau úrslit í hjeraði, sem að ofan eru greind.

Fyrir yfirdóminum hefur áfrýjandi krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sjer fyrir heimildarlausu heytöku 13 kr. 35 a., og fyrir heimildarlaust að ljá sameiginlegt land til slægna 6 kr. 80 a., svo og til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi farið fram á, að máli þessu verði vísað frá dómi sökum þess, að annar af mönnum þeim, sem birtu yfirdómsstefnuna, hafi ekki verið eidsvarinn stefnuvottur, og áfrýjandi dæmdur til að borga sjer kost og tæring, en til vara, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og þá enn til vara, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjandans gegn því að greiða honum 1 kr. 67 a.; svo hefur hann og, hvernig sem fer, krafizt málskostnaðar.

Að því snertir frávisunarkröfu stefnda, þá virðist hún á engum rökum byggð. Þar sem hann hefur látið mæta fyrir yfirdóminum eptir stefnunni og svarað til sakar, og ber því að dæma málið í aðalefni þess.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að Laugalandsheiði, sem hann heyjaði í ofan nefnda 4 hesta, og hinn stefndi ljeði til slægna, sje sameiginlegt beitar- og

slægjuland jarðanna Krossastaða, sem stefndi á og býr á, og ábýlisjarðar áfrýjanda, Laugalands með Heiðarhúsum. Þessu hefur ekki verið hnekktt af hendi stefnda með neinum rökum, heldur bendir allt, sem komið er fram í málinu, til, að svo sje í raun rjettri, þótt að vísu nokkur vottörð hafi komið fram um, að sund það, sem áfrýjandi ljet slá, en stefndi hirti, optar hafi verið slegið frá Krossastöðum en frá Laugalandi.

Yfirdómurinn fær því ekki sjeð, að stefnda hafi borið nein heimild til að taka opt nefnda 4 hesta af heyi til sín, og kemst hann því ekki hjá, samkvæmt kröfu áfrýjanda, að greiða honum verð heysins með þeirri upphæð, sem áfrýjandinn hefur krafizt, og hinn stefndi ekki hefur sjerstaklega mótmælt.

Þar sem áfrýjandi í annan stað hefur krafizt, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer helming undirgiptar á því heyi, sem hann leyfði öðrum að slá, alls 34 hesta, þá er að vísu svo, að hinum stefnda ekki bar nein heimild til að ljá slægjuland í sameiginlegu landi þeirra málsaðila, nema með samþykki áfrýjanda, en þó virðist eptir málavöxtum, með því áfrýjandi, að sögn stefnda, og er því ekki mótmælt, sló meira í sameiginlegu landi jarðanna en stefndi, að því með töldu, er hann ljeði, ekki fullnæg ástæða til að taka þessa kröfu áfrýjanda til greinã.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, Halldóri Halldórssyni, ber að greiða áfrýjandanum verð 4 hesta af útheyi með 13 kr. 35 a., að öðru leyti á hann að vera sýkn af kær-um áfrýjanda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjetum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

35/1880

M. Jóhannesen verzlunarstjóri.
gegn
Jóni Erlendssyni.

D ó m u r :

Vottorð stefnuvottanna um birtingu yfirdómsstefnunnar í máli þessu ber með sjer, að stefnan ekki hefur verið birt hinum stefnda á heimili hans, en í birtingarvottorðinu segir, að hann hafi tekið hana eins gilda, eins og hún hefði farið þar fram. Með því nú að stefnuvottarnir aðeins hafa umboð til að votta samkvæmt stefnuvottaeiði sínum um það, af hverjum, hvenær, hvar og fyrir hverjum stefnan sje birt, sbr. tilskip. 3. júní 1796, 20. gr., verður vottorð þeirra um, að hinn stefndi hafi tekið gilda birtingu, sem fram fór utan heimilis hans, ekki tekið til greina sem fullsönnun fyrir þessu atriði, og með því að þannig vantar fulla sönnun fyrir, að stefnan sje löglega birt hinum stefnda, en hann hvorki hefur mætt nje mæta látið eptir henni, ber að vísa stefnunni frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 14/1880

Jón landshöfðingjaritari
Jónsson
gegn
Halldóri yfirkennara
Friðrikssyni